



Íslenska – Ísl 3B05-01

Námsáætlun, vorönn 2021

Kennari/kennarar:

Ásdís Kristinsdóttir
Silja Hrund Barkardóttir

Netfang/netföng:

asdis.kristinsdottir@borgo.is
silja.barkardottir@borgo.is

Lýsing:

Tuttugasta öldin var umbrotatími í sögu íslensku þjóðarinnar og íslenskra bókmennta, tíminn þegar hún sagði skilið við forna lífshætti og nýir tímar tóku við. Bókmenntir og listir aldarinnar bæði spegla og skapa þessa vegferð. Nemendur kynnst bókmenntasögu tuttugustu aldar og ýmsum verkum tímabilsins. Þeir vinna úr textunum í ræðu og riti. Önnur listform verða skoðuð eftir efnum og ástæðum.

Þekking, leikni, hæfni:

- nemendur öðlist þekkingu og skilning á nokkrum íslenskum bókmenntaverkum frá 20. og 21. öld, helstu bókmenntastefnum 20. aldar og völdum hugtökum í bókmenntagreiningu.
- nemendur þjálfist í lestri, greiningu og túlkun bókmenntatexta og átti sig á menningarlegu gildi þeirra.
- nemendur temji sér fagleg og árangursrik vinnubrögð, þ.á.m. notkun orðabóka á vef.
- nemendur eflist í ritun og í skapandi aðferðum við úrvinnslu bókmenntatexta.

Í stuttu máli: að nemendur bæti læsi sitt þ.e. verði færir um að greina, fjalla um og taka afstöðu til bókmennta frá 20. og 21. öld, í ræðu og riti, í lengra og skemmra máli.

Námsmat:

Frumsamín smásaga	20%
Kjörbókarritgerð	20%
Öldin öfgafulla	40% (5 próf, 4 gilda)
Textahefti	20%

Námsgögn:

Dagný Kristjánsdóttir: **Öldin öfgafulla**, 2. útgáfa eða síðari, Bjartur 2011 eða síðar.
Textasafn, ljósrit til útprentunar á Innu (munið að stilla á prentun báðum megin á blöðin).
Kjörbók, listi á Innu.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að afla sér upplýsinga um námsefni og verkefni sem unnin eru í tímum sem þeir missa af. Ef nemandi missir af prófi skal hann ræða við kennara um úrlausn í næstu kennslustund sem hann mætir í. Símar skulu einungis notaðir til verkefnavinnu undir stjórn kennara.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	6.-8. jan.	Kynning á áfanganum. Form smásögunnar, smásögur lesnar.	
2	11.-15. jan.	Smásögur lesnar og hafist handa við samningu smásögu.	
3	18.-22. jan	Smásagnaritun lokið, bestu 3 sögurnar í hópnum fundnar.	Skila smásögu 20%
4	25.-29. jan.	<i>Öldin öfgafulla</i> : bls. 9-33 (1900-1910). Textahefti: Textar frá tímabilinu og verkefni í textahefti.	
5	1.-5. feb.	<i>Öldin öfgafulla</i> : bls. 35-49 (1910-1920). Textar frá tímabilinu á Innu og í textahefti. Verkefni í textahefti. Byrja að lesa kjörbók.	
6	8.-12. feb.	Próf úr Öldinni öfgafullu bls. 9-49 (1900-1920). <i>Öldin öfgafulla</i> , bls. 51- 63 (1920-1930). Textar frá 1920-1930 á Innu og verkefni í textahefti.	Próf 1 úr Öö 10%
7	15.-19. feb.	<i>Öldin öfgafulla</i> : bls. 65-81 (1930-1940). Textar frá tímabilinu á Innu og í textahefti. Verkefni í textahefti.	Varða I
8	23.-26. feb.	Próf úr Öldinni öfgafullu bls. 51-81 (1920-1940). <i>Öldin öfgafulla</i> : bls. 83-105 (1940-1950). Textar frá tímabilinu á Innu og í textahefti. Verkefni í textahefti.	Vorhlé Próf 2 úr Öö 10%
9	1.-5. mars	Ritgerðarsmið.	Skila kjörbókarritgerð 20%
10	8.-12. mars	<i>Öldin öfgafulla</i> : bls.107-120 (1950-1960). Textar frá tímabilinu og verkefni í textahefti.	
11	15.-19. mars	Próf úr Öldinni öfgafullu bls. 83-137 (1940-1960). <i>Öldin öfgafulla</i> : bls.143-163 (1960-1970). Textar frá tímabilinu á Innu og verkefni í textahefti.	Próf 3 úr Öö 10%
12	22.-26. mars	<i>Öldin öfgafulla</i> : bls.165-180. (1970-1980). Textar á Innu frá tímabilinu og verkefni í textahefti. Próf úr Öldinni öfgafullu bls. 143-180 (1960-1980).	Próf 4 úr Öö 10% Varða II
13	29.mars- 5. apríl	Páskaleyfi	
14	6.-9. apríl	<i>Öldin öfgafulla</i> : bls. 181-190 (1980-1990). Textar frá tímabilinu á Innu og í textahefti. Verkefni í textahefti.	
15	12.-16. apríl	<i>Öldin öfgafulla</i> : bls. 197-215 (1980-1990). Textar frá tímabilinu og verkefni í textahefti.	



16	19.-23. apríl	<i>Öldin öfgafulla:</i> bls. 217-245 (1990-2000). Textar frá tímabilinu á Innu og í textahefti. Verkefni í textahefti.	
17	26.-30. apríl	<i>Öldin öfgafulla:</i> bls. 247-263 (2000-2010). Textar frá tímabilinu á Innu og í textahefti. Verkefni í textahefti.	
18	3.-7. maí	Próf úr bókmenntasögu 1980-2010.	Próf 5 úr Öö 10%
19	10.-14. maí	Bókmenntaganga ef tími vinnst til.	Námsmat úr textahefti 20%

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.